



Frá Jökulheimum á sporð Tungnaárjökuls er ekki leiðin löng (u.þ.b. 6 km), en mjög þarf að vanda leiðaval síðustu nokkur hundruð metrana, yfir aurana, farveg Tungnaár og blásporðinn. Þetta árið gekk áfallalaust en eins og alltaf tekur drjúga stund að gera vélsleða klára til brottfarar og færa varning og búnað í farartæki sem halda áfram á jökli. Á fyrstu myndinni er verið að leggja af stað frá Jökulheimum um kl. 9, en á þeirri síðustu er snjóbillinn loks tilbúinn til brottfarar, undir hádegi. – *The 2018 spring expedition starts from the JÖRFÍ huts in Jökulheimar ~6 km from the western edge of Vatnajökull. The first photograph shows the expedition leaving Jökulheimar at about 9 a.m. and on the last, the snowcat is ready to head up Tungnaárjökull from the glacier snout, after nearly 3 hours of sorting out of the gear and other preparations.* Ljósmyndir/Photographs. Finnur Pálsson og Sjöfn Sigsteinsdóttir.